Ísam ehf.
Tunguháls 11,
110 Reykjavík
Kt. 660169-1729
Sími: 522-2700

Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20.3.2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, 202. mál

ÍSAM fagnar því að sett séu sérstök lög um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur á Íslandi. ÍSAM hefur áður sent inn umsagnir um breytingar á lögum um tóbaksvarnir, þann 24. febrúar 2017 og 10. maí 2017. Enda þó ýmislegt hafi farið til betri vegar við skrif nýrra laga eru enn nokkur atriði sem þarf að hnykkja á.

Þó frumvarpið geri ráð fyrir sérstökum lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur eru ákvæði tóbaksvarnarlaga í mörgum veigamiklum atriðum færð inn í nýtt frumvarp. Farið er í mörgum veigamiklum atriðum langt fram úr tóbakstilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2014/40/EB sem frumvarpið á þó að vera liður í að innleiða.
Í frumvarpi þessu er lagt til að sömu reglur gildi um sölu og markaðssetningu á rafrettum og áfyllingarílátum og gilda um tóbak samkvæmt gildandi lögum. Þannig verða sömu reglur um aldurstakmark, auglýsingabann, sýnileikabann og takmarkanir á heimildum til neyslu. Af því leiðir að rafrettur eru að fullu lagðar að jöfnu við sígarettur.
Slíkt er, að mati ÍSAM, rakalaust, enda eru mjög skiptar skoðanir um skaðsemi eða skaðleysi rafretta. Mikilvægi rafretta er þó án efa mest í því að minnka notkun tóbaks. Margir læknar og rannsakendur hafa einnig sagt að rafrettan sé mikilvægasta tækið til skaðaminnkunar sem fundin hefur verið upp og sú sem er áhrifaríkust til að hætta að reykja.
Öll lýðheilsusjónarmið styðja að stuðlað sé gegn tóbaksnotkun. Reykingamenn geta ekki gert neitt betra fyrir sig sjálfa, og þá sem í kringum þá eru, en að hætta að reykja strax og fyrir fullt og allt. Það getur ekki verið hlutverk ríkisins að gera reykingamönnum það erfiðara fyrir. Með því að takmarka aðgengi að rafrettum og nikótínvökva verður sú raunin.
Markaðssetningu og sýnileika rafretta og nikótínvökva eru verulegar skorður settar í þessu frumvarpi og litið svo á að öll sömu sjónarmið eigi við um rafrettur og hefðbundnar sígarettur. Þessu er þó þveröfugt farið - ef markmiðið er raunverulega að minnka notkun tóbaks á að gera fólki sem allra auðveldast að hætta að reykja og nýta frekar staðgönguvörur sem sannað er að hafi minni skaðleg áhrif. Þetta á við um rafrettur og er nauðsynlegt að reykingafólki séu kynntir aðrir valkostir. Það má nefna að leyfilegt er að auglýsa aðrar staðgönguvörur svo sem nikótíntyggjó. Hér er hvorki gætt meðalhófs né jafnræðis.
ÍSAM leggur áherslu á að engin rök styðja bann við notkun rafrettunnar á opinberum stöðum enda hafa engar rannsóknir sýnt að gufan hafi nokkur óbein áhrif.

Virðingarfyllst, fh. ÍSAM

Bergþóra Þorkelsd.

Bergþóra Þorkelsdóttir
forstjóri ÍSAM